

Skýringar á reikning um borun holu KG-24 í  
Kröflu

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-88-12

## SKÝRINGAR Á REIKNING UM BORUN HOLU KG-24 Í KRÖFLU

Orkustofnun gerði áætlun um verkmagn og kostnað boreftirlits og mælinga við borun holu KG-24 og var hún samþykkt af hálfu Landsvirkjunar. Þar voru sundurliðaðir verkþættir og gengið útfrá því að holan yrði 1200 m djúp og að borað yrði allan sólarhringinn. Nokkuð brá útfrá því og ber þar helst að nefna:

- Fyrstu vikuna var aðeins ein vakt á borunum og því ekki unnið allan sólarhringinn eins og gert hafði verið ráð fyrir.
- Erfiðlega gekk að steypa vinnslufóðringuna og varð að mæla öllu meira en gert var ráð fyrir.
- Ákveðið var að bora holuna í 1400 m dýpi í stað 1200 m eins og áætlun gerði ráð fyrir.
- Örvunaraðgerðir í lok borunar lengdu verktímann um þrjá sólarhringa.

Meðfylgjandi reikningnum er skrá yfir þær mælingar sem gerðar voru í hverjum áfanga fyrir sig. Ennfremur er tiltekið í greinargerð um hvern áfanga hvernig verkinu miðaði áfram. Nokkur dráttur hefur verið á greinargerð um borun vinnsluhlutans vegna úrvinnslu á þrepadælingu og frágangi á gögnum vegna örvunaraðgerða í lok borunar, en hún verður væntanlega komin út fyrir miðjan október mánuð. Þeir sem unnu við verkið að hálfu Orkustofnunar voru:

Ásgrímur Guðmundsson  
Guðjón Guðmundsson  
Jósef Hólmjárn  
Benedikt Steingrímsson  
Grímur Björnsson

Meðfylgjandi eru reikningar yfir útlagðan kostnað sem jókst vegna breyttra forsenda.

Reykjavík 3. október 1988.

---

Ásgrímur Guðmundsson  
Verkefnisstjóri